

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 21. mars 2006 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins nr. 2005/727/DIM frá 12. október 2005 þar sem ákveðið er hvaða dag tiltekin ákvæði ákvörðunar 2005/211/DIM um innleiðingu nýrra aðgerða í Schengen-upplýsingakerfið, þ.m.t. í tengslum við baráttuna gegn hryðjuverkum, koma til framkvæmda, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21/2000. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 21. mars 2006.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almennungi kunnugt.

Utarríkisráðuneytinu, 28. mars 2006.

Geir H. Haarde.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS 2005/727/DIM frá 12. október 2005

þar sem ákveðið er hvaða dag tiltekin ákvæði ákvörðunar 2005/211/DIM um innleiðingu nýrra aðgerða í Schengen-upplýsingakerfið, þ.m.t. í tengslum við baráttuna gegn hryðjuverkum, koma til framkvæmda

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2005/211/DIM frá 24. febrúar 2005 um innleiðingu nýrra aðgerða í Schengen-upplýsingakerfið, þ.m.t. í tengslum við baráttuna gegn hryðjuverkum¹, einkum 4. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Í ákvörðun 2005/211/DIM er kveðið á um að ákvæði 1. gr. þeirrar ákvörðunar komi til framkvæmda frá og með þeim degi sem ráðið ákveður um leið og nauðsynleg skilyrði hafa verið uppfyllt og að ráðinu sé heimilt að ákveða að mismunandi ákvæði komi til framkvæmda á mismunandi dögum. Þessi skilyrði hafa verið uppfyllt að því er varðar 10. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211/DIM.
2. Rétt er að 6. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 871/2004 frá 29. apríl 2004 um innleiðingu nýrra aðgerða í Schengen-upplýsingakerfið, þ.m.t. í tengslum við baráttuna gegn hryðjuverkum⁽²⁾, sem er samhljóða 10. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211/DIM, komi til framkvæmda frá og með sama degi.
3. Kveðið er á um gildistöku 6. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 871/2004 í sérstakri ákvörðun ráðsins.
4. Að því er Sviss varðar telst þessi ákvörðun vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna, í skilningi samningsins sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið og Ríkjasambandið Sviss gerðu með sér um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-

¹ Stjtuð. ESB L 68, 15.3.2005, bls. 44.

² Stjtuð. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 29.

gerðanna³, sem falla innan sviðsins sem um getur í G-lið 1. gr. ákvörðunar 1999/437/EB⁴, túlkuð í tengslum við 1. mgr. 4. gr. ákvarðana ráðsins 2004/849/EB⁵ og 2004/860/EB⁶ um undirritunina fyrir hönd Evrópusambandsins, undirritunina fyrir hönd Evrópubandalagsins og um bráðabirgðabeitingu tiltekinna ákvæða þess samnings.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði 10. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2005/211/DIM koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2006.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún er samþykkt. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Lúxemborg 12. október 2005.

Fyrir hönd ráðsins,
C. CLARKE
forseti.

3 Skjal ráðsins 13054/04, aðgengilegt á <http://register.consilium.eu.int>.

4 Stjtúð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

5 Stjtúð. ESB L 368, 15.12.2004, bls. 26.

6 Stjtúð. ESB L 370, 17.12.2004, bls. 78.

**COUNCIL DECISION 2005/727/JHA
of 12 October 2005**

fixing the date of application of certain provisions of Decision 2005/211/JHA concerning the introduction of some new functions for the Schengen Information System, including the fight against terrorism

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to Council Decision 2005/211/JHA of 24 February 2005 concerning the introduction of some new functions for the Schengen Information System, including in the fight against terrorism¹, and in particular to Article 2(4) thereof,

Whereas:

1. Decision 2005/211/JHA specifies that the provisions of Article 1 of that Decision shall apply from a date fixed by the Council, as soon as the necessary preconditions have been fulfilled, and that the Council may decide to fix different dates for the application of different provisions. Those preconditions have been fulfilled in respect of Article 1(10) of Decision 2005/211/JHA.
2. It is appropriate for Article 1(6) of Council Regulation (EC) No 871/2004 of 29 April 2004 concerning the introduction of some new functions for the Schengen Information System, including in the fight against terrorism², which is identical to Article 1(10) of Decision 2005/211/JHA, to apply from the same date.
3. A separate Council Decision provides for the entry into force of Article 1(6) of Regulation (EC) No 871/2004.
4. As regards Switzerland, this Decision constitutes a development of the provisions of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement signed between the European Union, the European Community and the Swiss Confederation concerning the association of the Swiss Confederation with the implementation, application and development of the Schengen acquis³, which falls in the area referred to in Article 1, point G of Decision 1999/437/EC⁴ read in conjunction with Article 4(1) of Council Decisions 2004/849/EC⁵ and 2004/860/EC⁶ on the signing on behalf of the European Union, and on the signing on behalf of the European Community, and on the provisional application of certain provisions of that Agreement,

HAS DECIDED AS FOLLOWS:

Article 1

Article 1(10) of Decision 2005/211/JHA shall apply from 1 January 2006.

Article 2

This Decision shall take effect on the date of its adoption. It shall be published in the Official Journal of the European Union.

Done at Luxembourg, 12 October 2005.

For the Council
The President
C. Clarke

C-deild – Útgáfud.: 17. október 2016

1 OJ L 68, 15.3.2005, p. 44.

2 OJ L 162, 30.4.2004, p. 29.

3 Council document 13054/04 accessible on <http://register.consilium.eu.int>

4 OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.

5 OJ L 368, 15.12.2004, p. 26.

6 OJ L 370, 17.12.2004, p. 78.